

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um gjaldtöku tannlækna.

Frá Árna Johnsen.

1. Hvernig er háttað gjaldtöku tannlækna fyrir þjónustu sem Tryggingastofnun tekur þátt í og hvað er um miklar fjárhæðir að ræða á ári?
2. Er allt að 140% munur á gjaldskrá tannlækna samkvæmt reikningum til Tryggingastofnunar?
3. Er unnið að því að fá þessa þjónustu á samningsverði fyrir Tryggingastofnun?
4. Telur ráðherra eðlilegt að fólk þurfi að leita tilboða hjá tannlæknum vegna mikils munar á gjaldskrá þeirra?